REGLUGERÐ

um bann við humarveiðum í Háfadjúpi.

1. gr.

Frá og með 3. júlí 1984 til og með 14. ágúst 1984 eru humarveiðar bannaðar á svæði í Háfadjúpi, sem markast af línum dregnum milli eftirgreindra punkta:

1. 63° 23′ 30 N	19° 58′ 53 V
2. 63° 21′ 49 N	19° 48′ 05 V
3. 63° 14′ 32 N	19° 55′ 16 V
4. 63° 16′ 23 N	20° 06′ 03 V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júní 1984.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

Stjórnartíðindi B 33, nr. 314—316. Útgáfudagur 2. júlí 1984.